

# Fundargerð 413. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2019, miðvikudaginn 15. maí kl. 17:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Fosshótel Patreksfirði.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Hrund Karlsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fyrir fundinn og daginn eftir heimsótti stjórn hafnasambandsins Hafnir Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurhöfn, Hafnir Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhöfn og Reykhólahöfn og ræddi þar við forsvarsfólk hafnanna.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2019 - 1901002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 412. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 10. apríl 2019.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 14. fundar siglingaráðs frá 7. mars 2019.

### 3. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2018 - 1903005HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2018 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara. Kjörnir skoðunarmenn hafa samþykkt reikninginn og leggja til að hann verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

*Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.*

### 4. Farþegaskip - 1812002HA

Lagt fram svar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 7. maí 2019, við ályktun 41. hafnasambandsþings um farþegaskip. Í þeirri ályktun var óskað eftir því að settar yrðu leiðbeinandi reglur um móttöku farþegaskipa. Einnig var lagt til að settar yrðu skýrar reglur um landtöku farþega utan hafnarsvæða. Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir nánari upplýsingum og ábendingum frá hafnasambandinu um atriði sem þarf að laga.

*Samþykkt að senda bréf ráðuneytisins til Cruise Iceland og óska eftir ábendingum varðandi fyrirspurn ráðuneytisins.*

## 5. Skýrsla um aðgerðaráætlun um orkuskipti í íslenskum höfnum - 1703001HA

Lögð fram skýrsla um aðgerðaráætlun um orkuskipti í íslenskum höfnum - með áherslu á raftengingar til skipa í höfn, dags. í nóvember 2018. Samþykkt að senda eftirfarandi bókun á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun:

*Stjórn Hafnasambands Íslands leggur áherslu á að áætluninni verði hrint í framkvæmd og að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess að greiða fyrir framgangi hennar.*

## 6. Hugbúnaðarlausnir fyrir umhverfismál - 1903002HA

Rætt um hugbúnað sem styður við hafnir og eftirlitsaðila við rafrænt eftirlit með lögfylgni skipa og við upplýsingagjöf til hagaðila. Fyrirtækið Klappir Grænar Lausnir hf. hefur þróað hugbúnaðinn í samstarfi við Faxaflóahafnir.

*Samþykkt að fela Gísla Gíslasyni og Lúðvík Geirssyni að fund með fulltrúum fyrirtækisins til að ræðan hugsanlega fyrirmynd að þjónustusamningi milli fyrirtækisins og hafnasambandsins.*

Fundi var slitið kl. 17:45

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson